

þeir unnu að öllu því, sem búið var að gera, að þeir höfðu fyrirfram ákvarðað eitt-hvert ákeðið takmark og að þeir létu ekki hindra sig í framkvæmd þess. Þarna voru menn með ákvörðun og stefnufestu og hugrekki. Hann sá, að smávaxnari maðurinn var gersamlega ólíkur hinum; rómur hans var lágur, þýður og kvennlegur, hendurnar voru litlar og fæturnir sérlega grannvaxnir. Hann mintist þess, að það var eitthvað kunnuglegt við manninn sem hafði gleraugun; en hann gat ekki gert sér grein fyrir, hvað það eiginlega væri. En hann fann það óljóst, að maður sá mundi sér ekki algerlega ókunnugur. Hann var 5 fet 11 þuml. á hæð og þéttvaxinn, með hár, sem hvorki var ljóst né bjart; hann hafði skegg á efri vör, sem huldi munninn, bardástóran hatt á höfði, sem skygði á efri hluta andlitsins, og gleraugu, sem huldu augnalitinn. Maðurinn var honum alveg óþekktur.

Aðkomumaður kvæmti á skrifstofulampann, og við ljósbirtuna sá maður að lágvaxni maðurinn var kona.

"Kona!" hugaði hann með sér. Þetta gerði leyndarmálið ennþá flóknara. Robert Manton starði undrandi á hana. Andlit hennar og vaxtarlag og að hún var í karl